



# Starfsáætlun

September 2014 – Ágúst 2015



Leikskólinn Efstihjalli

# **1. Um leikskólann Efstahjalla**

## **1.1. Gerð leikskóla, húsnæði, lóð og rými**

Leikskólinn Efstihjalli er fimm deilda leikskóli þar sem boðið er upp á mismunandi dvalartíma. Leikskólinn er í 723 fermetra timburhúsi, sem er umleikinn garði á þrjá vegu og er 3977 fermetrar að stærð. Í upphafi var leikskólinn þriggja deilda en í ársbyrjun 2002 bættust við tvær nýjar deildir. Á útileiksvæðinu hefur hvert barn 38.2 fermetra. Innan dyra hefur hvert barn 6,95 fermetra brúttó og nettó leik- og kennslurými fyrir hvert barn er 3,5 fermetrar.

## **1.2. Námskrá - stefna - uppeldislegar áherslur – skipulag**

Í starfssemi leikskólans er stuðst við lög um leikskóla og aðalnámskrá leikskóla sem menntamálaráðuneytið gefur út.

Stefna leikskólans Efstahjalla er að byggja upp einstaklinga sem eru:

- Glaðir og sjálfsöruggir
- Hafa trú á eigin getu
- Þróa með sér vináttu, hjálpssemi og ábyrgðarkennd
- Bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðru fólki.

Einkunnarorð Efstahjalla:

- Leikur
- Félagsfærni
- Hreyfing



Í leikskólanum er unnið í litlum hópum og ákveður hver hópur í sameiningu sitt viðfangsefni. Mjög misjafnt er hvað þróast í hverjum hópi fyrir sig. Unnið er með börnin í föstum hópum, sem reynt er að hafa aldurshreina. Hóparnir hittast tvisvar til þrisvar í viku. Hópaþinnan hefst í sept. og lýkur í maí með sýningu á verkum barnanna. Þann dag eru börnin með skemmtiatriði, eitthvað frá hverri deild og syngja síðan öll saman. Verk vetrarins eru sett upp bæði inni og úti. Hóparnir starfa síðan út maí.

Á föstudögum er sameiginleg söngstund.

Fyrsta föstudag í mánuði er svo kallað “opið flæði” þá er opið á milli deilda og börnin og starfsfólkið taka þátt í starfseminni þar sem hver og einn óskar að vera í húsinu.

Leikskólinn fylgir ákveðnu dagskipulagi, sem þó er sveigjanlegt. Það er sniðið að þörfum barnanna, þroska þeirra og aldri.

07.30-08.00	Leikskólinn opnar, frjáls leikur.
08.00-08.45	Morgunmatur.
09.00-12.00	Frjáls leikur, hópaþinnna, Bassastund á eldri deildum, leikfimi, útivera.
11.30-12.00	Hádegismatur hjá yngstu deildum.
12.00-14.00	Hvíld hjá yngstu deildum
12.00-12.30	Hádegismatur.
12.30-13.00	Hvíld, sögustund.
13.00-15.00	Frjáls leikur, útivera, leikfimi.
14.45-15.30	Síðdegishressing.
15.45-17.00	Frjáls leikur, samverustund, útivera.
17.00	Leikskólinn lokar

### **1.3. Matsaðferðir**

Þær matsaðferðir sem leikskólinn notar eru:

Á skipulagsdegi á vorin fer fram endurmat s.l. starfsárs. Deildarstjórar skrá niður hvernig veturnn gekk, hvað gekk vel og hvað þarf að laga.

Matslisti fyrir foreldra, þar sem foreldrar fá sendar spurningar í netpósti og eru beðnir um að leggja mat á faglegt starf, skipulag og samskipti sín við leikskólann. Sent út annað hvert ár.

Kvarði er lagður fyrir starfsfólkið til að meta leikskólastarfið svo sem rými og búnað, umönnun og daglegt líf, mál og hugtakanám, leik/viðfangsefni, samskipti/skipulag, starfsmenn og foreldrar. Síðan er farið yfir niðurstöður á hverri deild, rætt hvað gengur vel og hvað má bæta í starfinu. Gæðamatskvarðinn er lagður fyrir starfsfólkið annað hvert ár. Stundum er notaður hluti kvarðans þess á milli, ef þurfa þykir.



Starfsmannamatslistar eru lagðir fyrir allt starfsfólk þar sem hver og einn metur sig í starfi. Lagt fyrir annað hvert ár. Stjórnendakönnun var lögð fyrir starfsmenn s.l. vor.

Börnin meta leikskólastarfið með mismunandi aðferðum t.d. að teikna hvað er skemmtilegt. Vinnan við þetta er enn í þróun.

#### **1.4. Starfsmannastefna**

Unnið er eftir starfsmannastefnu Kópavogsbæjar. Starfsmannahandbók með nauðsynlegum upplýsingum er á hverri deild.

#### **1.5. Stefna vegna foreldrasamstarfs**

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl og góðri líðan barnsins í leikskólanum. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum. Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar boðaðir í kynningarviðtal hjá leikskólastjóra. Boðið er uppá einstaklings-viðtal hjá leikskólakennara í febrúar ár hvert og að sjálfsögðu hvenær sem foreldrar óska þess. Foreldrar eru ávallt velkomnir að koma inn á deildir barna sinna og eru hvattir til að gefa sér tíma með börnunum á þeirra dvalartíma.



## **1.6. Stoðþjónusta**

Leikskólafulltrúi hefur yfirumsjón með leikskólanum. Hann sér að mestu um samstarf leikskólans við rekstraraðila. Fjórir leikskólaráðgjafar starfa hjá leikskóladeildinni. Þeir sjá um almenna ráðgjöf. Í sumum tilfellum hefur leikskólastjóri beint samband við rekstraraðila sérstaklega í sambandi við minni háttar viðhald húsnæðis, lóðar og tölvubúnaðar.

Sérkennslustjóri leikskólans hefur samstarf við sérfræðinga svo sem sálfræðing, talmeinafræðing og iðjuþjálfar og sér um ráðgjöf vegna barna sem þurfa sérkennslu.

## **2. Mat á starfi sl. starfsárs**

### **2.1. Matsaðferðir s.l. starfsárs og niðurstöður**

Endurmat starfsins fer fram jafnt og þétt á fundum kennara skólans.

Lagður var fyrir starfsfólk listi til að meta stjórnun skólans. Svörunin hefði mátt vera betri en góðar ábendingar komu fram.

Á síðasta starfsári héldum við áfram að þróa okkur í umhverfismálunum og sóttum m.a. um Grænfánann.

### **2.2. Mat á starfsáætlun s. l. starfsárs og niðurstöður**

#### **Læsi og samskipti**

Kjarninn í uppeldisstarfinu er leikurinn í allri sinni fjölbreytni og allar stundir dagsins voru nýttar til málörvunar gegnum leik og umönnun. Sjónrænt dagskipulag er á öllum deildum og við höfum notað okkur það til að styðja við og efla málskilninginn ásamt því að nota tákni með tali. Söng- og sögustundir voru daglega með öllum börnum þar sem skilningur á málinu vex og orðaforðinn eykst. Lög og þulur sem tengjast viðfangsefnum líðandi stundar voru lærð. Markvisst var boðið uppá leiki og verkefni til að örva málvitund barnanna. Á eldri deildum var unnið með málörvunarefnið um Bassa. Í skólanum okkar var mikið sungið, hlustað, leikið með takt og hljómfall orða og tóna.



## Heilbrigði og vellíðan.

Vellíðan teljum við að byggist á gagnkvæmu trausti og virðingu, sem við reyndum að skapa í samskiptum okkar við börn og foreldra þeirra. Hreyfing er stór þáttur í starfi leikskólans, útivist skipar þar stóran þátt og fóru öll börn út, í það minnsta einu sinni á dag. Eldri börnin fóru í gönguferðir sem meðal annars tengdust hópavinnu og náttúruskoðun. Skipulögð hreyfing var í salnum fyrir eldri börnin tvisvar í viku en þau yngstu einu sinni. Öll börn í leikskólanum fara í hvíldarstund eftir hádegismat, sum sofa önnur hlusta á sögu eða rólega tónlist. Í sumar bauð HK elstu börnunum á fótboltanámskeið. Dansnámskeið var fyrir öll börn í leikskólanum í byrjun árs sem foreldrafélagið greiddi fyrir.



## Sjálfbærni og vísindi.

Mörg fræðandi og skemmtileg verkefni voru unnin á síðasta ári. Börnin eru sífellt að gera tilraunir í umhverfi sínu bæði úti og inni. Box með stækkunarglerjum voru notuð til að skoða skordýr, lauf og fleira. Leikir með ljós og skugga voru vinsælir. Umhverfið hefur verið skoðað í mismunandi litum gegn um filmur og litað vatn. Vatnsleikir eru mjög vinsælir bæði úti og inni og þetta sumar bauð uppá sull meira en oft áður í öllum pollunum.

Fuglarnir fengu áfram afganga úr eldhúsinu og fylgst var með þeim af áhuga.

## Sköpun og menning.



Skapandi starf er ríkur þáttur í starfi okkar og var notast við fjölbreyttan efnivið. Ýmislegt úr náttúrunni tengt árstíðunum ásamt verðlausu efni, litum og fleira var haft aðgengilegt. Við lögðum áherslu á að börnin gætu tjáð sig frjálst og sköpunargleðin fengi að njóta sín með efnivið sem ekki kallar á fyrirfram gefnar lausnir. Frjáls leikur og

dans með tóngjafa af ýmsu tagi var meðal annars hluti af hópavinnunni.

Hefðir og hátíðir í leikskólastarfinu eiga stóran hlut í að skapa menningu okkar.

Í september var elstu börnunum boðið á sýningu Þjóðleikhúsinu.

Slökkviliðið kom og fræddi elstu börnin um brunavarnir í byrjun október.

Fyrsti bekkur í Álfhólsskóla kom í heimsókn til okkar í lok október.

Fyrri þemavika vetrarins sem var í október hafði yfirskriftina “heilbrigði og vellíðan”.

Í október var haldinn fundur með foreldrum.

Í byrjun nóvember var foreldrum barnanna boðið í morgunmat í leikskólanum.

9. des var elstu börnunum boðið í kakó og piparkökur í Álfhólsskóla.

Í desember var rauður dagur í leikskólanum, allir mættu í eða með eitthvað rautt.

Í desember var foreldrafélagið með jólaball í salnum í Álfhólsskóla. Undanfarin ár hefur foreldrafélagið haldið jólaball fyrir börnin og fjölskyldur þeirra. Foreldrafélagið bauð upp á súkkulaði og smákökur.

Þrjú elstu árgangarnir fóru í kirkju í desember. Þar var hlustað á jólaguðspjallið og sungin jólalög. Elsti árgangurinn fór í heimsókn í Byggðasafn Hafnarfjarðar þar sem við vorum frædd um jólin í gamla daga og hittum gamlan jólasvein.

Litlu jólin voru svo haldin með jólaballi fyrir börn og starfsmenn. Jólastundin var sama dag og jólaballið. Þá var lesið kvæðið um Grýlu og jólasveinana eftir Jóhannes úr Kötlum. Starfsfólkið lék alla gömlu jólasveinana.

Boðið var upp á jólamat, hangikjöt með öllu tilheyrandi. Við spöruðum okkur kaup á jólasveini og gjöfum þar sem foreldrafélagið sá um það á sínu jólaballi.

Í janúar og fram í febrúar var danskennsla. Dagný Björk danskennari sá um kennsluna. Mikill áhugi er fyrir þessum tímum og allir nutu sín vel.

Í febrúar var aftur þemavika og nú var yfirskriftin “vinavika”.

6. febrúar er dagur leikskólans á Íslandi. Sólin var þema dagsins eldri börnin útbjuggu sólrir og færðu yngstu börnunum og starfsfólki sem vináttuvott.

28. febrúar bauð foreldrafélagið uppá leiksýningu í leikskólanum „Ástarsögu úr fjöllumum“.

Þorablót var haldið á bóndadaginn, hefðbundinn þorramatur var á borðum, allir í húsinu settu upp skotthúfur og að sjálfsögðu var sungið og dansað.

Góðir gestir komu til okkar frá harmonikkufélaginu til að kynna okkur hljóðfærið og syngja gömul íslensk lög sem við vorum búin að æfa fyrirfram.

Á öskudaginn var dansleikur, þá komu börn og fullorðnir í ýmsum furðufötum.

Elstu börnum skólans var boðið á tónleika sinfóníuhljómsveitarinnar þann 28. apríl.

30. apríl var brunaæfing, greiðleg gekk að rýma skólann.

9. maí var opið hús í leikskólanum, börnin voru með skemmtiatriði og sýning var á verkum sem unnin voru síðastliðinn vetur.

Í maí heimsóttu tveir elstu árgangarnir sveitabæinn Hraðastaði, alltaf er gaman að sjá nýfæddu lömbin og fleiri dýr á vorin.

Í júní fengum við leikhóp frá sumarstarfi unglinga, það er alltaf gaman að fá þau.

Í byrjun júní fóru elstu börnin í útskriftarferð. Strætó var tekinn í Árbæjarsafnið, þar fengum við leiðsögn um safnið, höfðum með okkur nesti og gengum svo niður Elliðaárdalinn þar sem stoppað var og leikið á leiðinni í leikskólann.

Í júní fórum við í skruðgöngu um hverfið, skreyttum garðinn, fórum í leiki úti, grilluðum og gerðum okkur glaðan dag. Þá afhentum við elstu börnunum sem fóru í skóla haust, viðurkenningarskjál fyrir dvöl þeirra í leikskólanum. Við buðum foreldrum elstu barnanna að vera með okkur.





## 2.3. Umbótaáætlun

Í haust ætlum við að breyta aldursskipulagi á yngri deildum leikskólans. Áður voru öll börn í yngsta árgangi á sömu deild. Í vetur verða tvær deildir með tvo yngstu árgangana, ein miðdeild og tvær deildir með tvo elstu árgangana.

Allt starf í leikskólanum er skoðað með það í huga að gera betur sé þess kostur.

## 3. Starfsáætlun næsta leikskólaár

### 3.1. Uppeldisstarfið

Daglegar venjur gefa uppeldisstarfinu reglubundið form sem skapar öryggi og festu í lífi barnanna í leikskólanum og eru mikilvægur hluti af uppeldisstarfi leikskólans. Þar gefast ótal tækifæri til náms og þroska. Líkamleg umönnun og heilsuvernd stuðlar að almennri vellíðan barnsins. Umönnun er fólgin í því að annast börnin líkamlega og andlega af hlýju, áhuga og ábyrgðarkennd.

Á hverju ári er unnið með ákveðið grunnþema.

Yngri börnin vinna með „Ég sjálfur/sjálf og fjölskyldan“.

Eldri börnin vinna með „Ég sjálfur/sjálf, fjölskyldan og samfélagið“.

Við viljum gera einstaklingnum kleift að uppgötva heiminn og sjálfan sig á virkan hátt með öllum skilningarvitum.

- Börn læra það sem fyrir þeim er haft
- Virðing fyrir einstaklingseðli og tilfinningum annarra
- Að sjá hið smáa, skoða frá mörgum sjónarhornum



Markmið hópavinnu er að börnin læri að starfa í hóp, litlum eða stórum, að sameiginlegu



markmiði. Félagsþroski eflist í hópavinnu og þar er lagður grundvöllur að góðu samstarfi og vináttu. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska og verkefni og vinnan er miðuð við hvern aldurshóp. Unnið er að ákveðnu viðfangsefni á fjölbreytilegan hátt í lengri eða skemmri tíma. Börnin læra að nota öll skilningarvit og ýmsar vinnuáðferðir við að nálgast viðfangsefnið. Hvert barn fer tvisvar/þrisvar í viku í hópavinnu.

Börnin í Kattholti og Sjónarhóli fara í Bassastundir. Bassi er handbrúða sem tilheyrir kennsluefni sem eflir tilfinningalegan, vitrænan og málfarslegan þroska barnanna gegnum leik og söng. Kennsluefninu fylgja fjórar handbrúður sem hjálpa börnunum að læra að skilja og skipuleggja hugsanir sínar, tjá skoðanir sínar og tilfinningar. Þær leiða kennsluna en eru aldrei í aðalhlutverki.

Barnabækur eru ómissandi í leikskólastarfi, bæði til málörvunar og til að miðla fróðleik og reynslu. Bækur þurfa að vera hluti af daglegu umhverfi barna til að þau læri að njóta þeirra. Við leggjum áherslu á að lesa fyrir börnin efni sem hæfir aldri þeirra og þroska, með því þjálfast þau í að hlusta og orðaforði eykst.

Með því að spila við börnin þjálfum við þau í samvinnu, að fara eftir reglum, læra hugtök og þau þurfa að tjá sig þannig að mikil málörvun fer fram þegar spilað er við börn.

Á haustönn ætlum við að leggjja enn meiri áherslu á að lesa fyrir börnin og fá foreldra í lið með okkur, með að lesa fyrir börnin heima. Bókaormur verður settur upp á öllum deildum. Markmiðið með honum er, að foreldrar skrifu síðan nafnið á sögunni sem var lesin heima og nafnið á barninu á miða og hengi við orminn.

Leikurinn er hornsteinn leikskólastarfsins. Hann er kennsluáðferð leikskólakennarans og námsleið barnsins. Rannsóknir sýna að börn á leikskólaaldri læra og leita sér þekkingar mest og best í gegnum leik. Hinn frjálsi og sjálfsprottnei leikur er talinn “leikur leikjanna”. Allt skipulag og búnaður í leikskólanum stuðlar að því að vekja forvitni barnanna, frumkvæði, virkni og gleði og efla sjálfstæði þeirra. Svæði leikskólans skiptast eftir viðfangsefnum. Boðið er upp á hlutverkaleiki, fín- og grófhreyfileiki, kubbaleiki og skapandi starf.

Eftir áramótin ætlum við að skoða leikinn og eigum við eftir að útfæra það nánar.

Börn hafa mikla þörf fyrir að hreyfa sig frjálst og óhindrað. Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og gleði. Hreyfiþörf barnanna er virt og örvuð og þau læra að þekkja og skynja líkama sinn og getu. Eldri börnin fara tvisvar í viku í leikfimi í salnum en yngstu börnin einu sinni. Við leggjum áherslu á gönguferðir, með því eykst þol og þrek.



Útivera er á hverjum degi þar gefast ótal tækifæri til náms, börnin átta sig á eigin getu og læra að klæða sig eftir veðri.

Við leitumst við að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og hvetjum þau til að beita öllum skilningarvitum til að upplifa og njóta fjölbreytileika náttúrunnar. Unnið er eftir umhverfisstefnu leikskólans. Börnin læra um flokkun og skil á endurnýtanlegu efni. Stöðuhugtök og rými er kannað með eigin líkama í fyrstu sem síðan þróast í meðvitaðar rannsóknir barnanna á umhverfi sínu.

Mikið er unnið með tónlist í leikskólanum, söngstundir eru daglega á öllum deildum og sameiginleg söngstund á föstudögum. Börnin hafa aðgang að hljóðfærum og ýmsum hljóðgjöfum. Skapandi starf er hluti af leikskólastarfinu og er þess gætt að sköpunargleðin fái að njóta sín í vinnu með ímyndunaraflíð og fjölbreyttan efnivið.

Leikskólakennarar á hverri deild útfæra starfið eftir aldri og áhuga barnanna, setja sér áætlanir og endurmeta starfið í sínum hóp.

### **3.2. Menningarviðburðir, ferðir, sýningar, hefðir og hátíðir**

Menningarviðburðir á komandi starfsári verða meðal annars þessir:

Heimsókn elstu barna í Þjóðleikhúsið.

Harmonikkuféflagar koma í heimsókn.

Foreldrum boðið í morgunmat.

Dagur íslenskrar tungu.

Ferðir eldri barna í Hjallakirkju og Byggðasafn Hafnarfjarðar.

Jólaball/jólastund.

Danskennsla.

Þorrablót.

Dagur leikskólans.

Öskudagsball.

Opið hús.

Sveitaferð eldri barna og vorferð elstu barna.

Sumarhátíð Efstahjalla með skruðgöngu og útigrilli.



### **3.3. Þróunar og nýbreytnistarf**

Allt starf í leikskólanum er í stöðugri þróun.

Vinna við nýju skólanámskrána er á lokstigi og er áætlað að gefa hana út á afmæli leikskólans þann 15. október n.k. Hér er líka verið að vinna mikið í umhverfisvitund barna og starfsmanna og erum við búin að sækja um Grænfánann. Leikskólar Kópavogs hyggjast vinna þróunarverkefni um „sjálfbærni og vísindi“ næsta vetur. Þar ætlum við að leggja áherslu á umhverfið og náttúruna.

Í haust ætlum við að breyta aldursskipulagi á yngri deildum leikskólans. Áður voru öll börn í yngsta árgangi á sömu deild. Í vetur verða tvær deildir með tvo yngstu árgangana, ein miðdeild og tvær deildir með tvo elstu árgangana.

Við höfum ákveðið að starfa með SOS Barnaþorpum, með því að styrkja eitt ákveðið barn.

### **3.4. Mat á starfinu, matsaðferðir**

Á komandi starfsári verður Ecers kvarðinn notaður við mat á innra starfinu. Hann tekur til allra þátta í leikskólastarfinu og er lagður fyrir allt starfsfólk skólans.

Könnun verður lögð fyrir foreldra þar sem þeir eru beðnir um að leggja mat á starf leikskólans. Börnin meta einnig starfið, ekki hefur verið ákveðið með hvaða hætti það verður gert að þessu sinni. Allt starf leikskólans er í stöðugri skoðun.

### **3.5. Kynning á leikskólanum**

Á heimasíðu leikskólans er að finna m. a. kynningabækling, skólanámskrá, fréttir og myndir eru settar þar inn. Foreldrum er kynnt heimasíðan í fyrsta viðtali. Kynningarmappa liggur frammi á leikskólaskrifstofunni. Í henni er stutt kynning á öllum leikskólum bæjarins. Þegar opið hús er í leikskólanum á vorin eru allir velkomnir.

Stundum er sett frétt í Kópavogspóstinn og sagt frá því sem verið er að gera í skólanum og fær skólinn kynningu við það.

## **4. Börn**

### **4.1. Fjöldi barna, aðlögun barna, flutningur milli deilda, útskrift og fleira**

Að byrja í leikskóla er ný reynsla fyrir barnið og foreldra/forráðamenn þess. Allt er framandi og ókunnugt og því er reynt að standa vel að aðlögun í upphafi. Hvernig til tekst í byrjun getur haft áhrif á alla leikskólagöngu barnsins.

Á meðan á aðlöguninni stendur er mikilvægt að báðir foreldrar/forráðamenn kynnist starfsfólki deildarinnar og því starfi, sem fram fer í leikskólanum. Með því er lagður góður grunnur að framtíðinni.

Áður en barn byrjar í leikskólanum eru foreldrar/forráðamenn boðaðir í viðtal til leikskólastjóra. Ætlast er til þess að foreldrar komi án barnsins. Í viðtali þessu er starfsemi og starfsfólk kynnt, rætt um barnið og væntingar foreldra til leikskólans. Aðlögun tekur um það bil viku.

Fyrsta heimsókn barnsins stendur í klukkustund og dvelur foreldri/foreldrar/forráðamenn með barninu þann tíma. Þá daga, sem aðlögun fer fram lengist dvalartími barnsins þar til fullum dvalartíma er náð.

Nauðsynlegt er að foreldri dvelji góða stund með barninu í leikskólanum á meðan á aðlögun stendur. Sérstakur starfsmaður sér um barnið í aðlöguninni.

Þegar barn flyst yfir á eldri deild, sér starfsfólk um aðlögunina. Leikskólakennarar vinna sameiginlega að því að auðvelda hverju barni þau skipti.



Við útskrifum elstu börnin á sumarhátíðinni okkar.



Í Efstahjalla geta dvalið 104 börn sem skiptast á fimm deildir. Alltaf eru einhver börn sem þurfa sérkennslu. Mörg af börnunum okkar eru af erlendum uppruna.

## **5. Starfsmenn**

### **5.1. Áherslur í samstarfi, s.s. handleiðsla, starfsmannaviðtöl og móttaka nýrra starfsmanna.**

Aðaláherslur okkar í samstarfi eru: Heiðarleg samskipti – Gagnkvæm virðing – Tillitssemi – Hjálpssemi – Stundvísi – Miðlun upplýsinga – Jákvæðni – Hrósa.

Áhersla er lögð á að leikskólinn starfi sem ein heild að allir séu með svipaða vinnuáætlun en leiðirnar eru fjölbreyttar. Reynt er að láta alla starfsmenn njóta sín í starfi. Starfsmannaviðtöl eru einu sinni á ári, í mars. Leikskólastjóri tekur á móti nýju starfsfólki, sýnir því leikskólann, kynnir fyrir samstarfsfólki og segir frá því sem við erum að gera, fylgir síðan viðkomandi inná deildina. Þar tekur deildarstjórinn við.

Starfsmanni er síðan bent á að lesa kynningarbækling leikskólans, handbók deildarinnar, skólanámskrána og Aðalnámskrá leikskóla. Nafn nýja starfsmannsins er skrifað á töflu í kaffistofunni daginn áður, þannig að allir vita að von er á nýjum starfsmanni.

### **5.2. Starfsmenn, fjöldi stöðugilda, menntun, sérkennsla, afleysingar, barnsburðarleyfi, námsleyfi, hreyfing á starfsfólki.**

Stöðuleiki hefur verið í starfsmannahaldinu og margir starfsmenn eru með mikla starfsreynslu en í haust þarf þó að ráða 7 nýja starfsmenn. Einn starfsmaður verður í barneignaleyfi næsta vetur.

14 leikskólakennarar verða í vinnu næsta vetur, 1 íþróttakennari og 1 þroskaþjálfari. Leiðbeinendur verða 16. Stöðugildi í leikskólanum næsta vetur verða 31.13. Tveir starfsmenn í eldhúsi eru í 1,75% og tveir sjá um að ræsta. Sérkennsla er alltaf einhver og í vetur verða 4,25% stöðugildi sem sinna þeim verkefnum. Fjöldi stöðugilda ræðst af aldurssamsetningu barnanna og umfangi sérkennslu.

### 5.3. Fundir

Starfsmannafundir verða 6 næsta vetur. Þeir eru haldnir á skipulagsdögum og seinni part dags. Á fundum verður farið í efni sem tengist daglegu starfi í leikskólanum. Deildarfundir eru líka á skipulagsdögum þar sem hver deild ræðir málefni sem tengjast viðkomandi deild, að auki hefur hver deild stuttan deildarfund í hverjum mánuði ef þess þarf. Deildarstjórar geta alltaf óskað eftir fleiri fundum



Deildarstjórafundir eru haldnir tvisvar í mánuði, þar skiptast deildarstjórar og leikskólastjóri á upplýsingum. Á deildarstjórafundum verða mál reifuð, skipað í nefndir ef þörf krefur og ákvarðanir sem varða leikskólastarfið teknar.

Leikskólakennarafundir verða 2 á næsta ári. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri hafa 16 tíma á viku til samráðs. Þar verða þættir sem varða stjórnun leikskólans teknir fyrir, s.s. starfsmannahald, skipulag starfsins, undirbúningur funda og fleira.

### 5.4. Skipulagsdagar

Skipulagsdagar á næsta skólaári verða 12. september, 10. október, 17. nóvember, 26. janúar, 13. mars, og 15. maí. 12. sept. er auka skipulagsdagur sem leikskólar Kópavogs fengu þetta skólaárið vegna námskrángerðar. Aðrir skipulagsdagar eru í samráði við Álfhólsskóla.

Þessir dagar eru alltaf vel nýttir m.a. í fundi, skipulagningu á skólastarfinu, endurmenntun, heimsóknir og fleira. Á fyrsta skipulagsdegi verður námskeið í „Tákn með tali“. Ekki er búið ákveða aðra endurmenntun sem verður á þessum dögum.

## 5.5. Endur og símenntunaráætlun fyrir starfsárið

Kjarasamningar kveða á um sí- og endurmenntunaráætlun. Kópavogsbær hefur ákveðið að allir starfsmenn skulu sækja a.m.k. 15 kennslustundir í námskeiðum á hverju leikskólaári.

Menntanefnd Kópavogsbæjar, Garðabæjar, Seltjarnarness, Hafnarfjarðar og Mosfellsbæjar útbýr myndarlegan námskeiðsbækling með mikið af spennandi námskeiðum. Mörg önnur námskeið eru í boði og nýtt af kennurum skólans, t.d. hjá Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og endurmenntunardeild HÍ. Starfsmenn eru duglegir að sækja námskeið og fyrirlestra og munum við halda því áfram þetta skólaárið. Sum námskeið eru þannig að þau höfða til ákveðins hóps innan skólans. Deildarstjórar sjá um að allir geti farið á eitthvert námskeið.



## 6. Foreldrasamstarf

### 6.1. Áherslur

Leikskólaárið sem framundan er verður ekki frábrugðið liðnum árum hvað varðar áherslur í foreldrasamstarfi. Lögð er áhersla á að það samstarf sé gott, að foreldrar finni sig velkomna í skólann og að þeir finni að kennurum sé annt um þeirra börn.

## 6.2. Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu

Opið hús er alltaf í leikskólanum í maí á hverju ári. Þá er skemmtidagskrá úti í garði þar sem börnin skemmta með söng og öðru. Síðan er foreldrum boðið inn að skoða verk barnanna eftir veturinn og í kaffi og meðlæti. Mikil þátttaka er alltaf í ”opnu húsi”.

Við bjóðum foreldrum í morgunmat í mars.

Foreldrar eru ávallt velkomnir að koma inn á deildir barna sinna og eru hvattir til að gefa sér tíma með börnunum á þeirra dvalartíma.

## 6.3. Fræðsla og upplýsingar til foreldra

Foreldrafundir verða haldnir í október. Þetta eru sameiginlegir fundur hjá leikskólanum og foreldrafélaginu. Leikskólastjóri verður með ýmsar upplýsingar til foreldra. Leikskólinn kynntur í máli og myndum. Þessir fundir er á morgnanna.

Leikskólastjóri fær foreldra í viðtal og kynnir leikskólann fyrir foreldrum áður en barnið byrjar í leikskólanum.

Í febrúar er öllum foreldrum boðið viðtal.

Foreldrar eru ávallt velkomnir í foreldraviðtöl utan þessa tíma og eru hvattir til þess.

Leikskólakennarar boða foreldra í viðtal, ef ástæða þykir til.

Fréttir og upplýsingar fara á heimasíðuna og á upplýsingatöflur.



Foreldrar fá sendan tölvupóst. Foreldrar senda stundum tölvupóst ef börnin eru veik.

Foreldrar elstu barnanna fá þar að auki fréttabréf sem inniheldur upplýsingar um útskriftarferðina.

## 6.4. Foreldraráð og foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi hér við leikskólann. Tveir fulltrúar foreldra af hverri deild og einn fulltrúi starfsmanna mynda stjórn félagsins, sem hittist um það bil 4 - 6 sinnum á ári. Þess má geta að foreldrar eru afar fúsir til að taka að sér setu í stjórninni.



Lög um leikskóla frá júní 2008 kveða á um að kjósa skuli foreldraráð við hvern leikskóla sem í sitja a.m.k. þrír foreldrar og leikskólastjóri. Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til



leikskóla og nefndar. Ráðið á að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans o.fl. Foreldraráð er kosið á haustdögum.

Foreldrasjóður er í leikskólanum og er hann nýttur í þágu barnanna. Foreldrafélagið sér um að greiða fyrir rútukostnað í sveitina og ferð fyrir elstu börnin á vorin. Foreldrafélagið

býður líka stundum upp á leiksýningu. Félagið er með jólaball fyrir fjölskyldur barnanna í Álfhólsskóla í desember. Foreldrar fara með í ferðir á vegum leikskólans ef þarf.

Danskennsla er í leikskólanum í 6 vikur í byrjun árs sem foreldrafélagið greiðir fyrir. Dansinn er alltaf mjög vinsæll og börnin njóta sín vel í tímunum.

## **7. Samstarf**

### **7.1. Samstarf við grunnskóla**

Leikskólinn Efstihjalli og grunnskólinn Álfhólsskóli hafa með sér samstarf. Kennarar frá báðum skólum skipuleggja hvernig samstarfinu skuli háttað. Elstu börnin í leikskólanum heimsækja grunnskólann 4 daga í mars og verða með í kennslustundum. Á hverju ári er leikskólanum boðið að koma á einhverja skemmtun/uppákomu í Álfhólsskóla og verður vonandi áframhald á því. Kennarar leikskólans geta hafa samband við skólann og fengið að koma inn og skoðað húsnæðið og jafnvel kíkt inn í skólastofur ef þannig stendur á.

Í fyrra bauð Álfhólsskóli nemendum uppá starfsval. Við tókum 2 nema á hvorri önn s.l. vetur og ætlum að taka tvo næsta vetur ef skólinn óskar eftir því. Þeir voru hjá okkur 2 klst. eftir hádegi á föstudögum.



Skólastjórar skólanna ásamt stjórnendum í Álfaheiði og Álfatúni hittast á hverju hausti.



## 7.2. Samstarf við aðra

Leikskólinn hefur samstarf við ýmsa ráðgjafa sem hægt er að leita til, ef með þarf, svo sem sálfræðing, iðjuþjálfar og talmeinafræðing. Leikskólinn þarf oft að vera í samstarfi við Greiningarstöð ríkisins.

## 7.3. Nemar

Ekkert hefur verið ákveðið varðandi nema frá K.Í.. Við höfum fengið til okkar nema í íþróttufræðum síðustu ár og svo verður áfram nú í vetur.



## 8. Öryggismál

Öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður eru í leikskólanum. Mappa samkvæmt staðli frá vinnueftirliti ríkisins er nánast fullbúin. Á hverjum morgni er farin eftirlitsferð um garðinn áður en börnin fara út.

Ef slys koma fyrir í leikskólanum eru þau skráð á þar til gerð eyðublöð.

Vel er fylgst með ástandi leiktækja á lóðinni, eftirlitsmaður frá Kópavogsbæ kemur oft á ári og skoðar leiktækin.

Slökkvitæki, reykskynjarar og viðvörunarkerfi eru yfirfarin af löggildum aðilum einu sinni á ári.

Börnin á elstu deildum skiptast á að fara í eftirlitsferðir um húsið með starfsmanni. Þau athuga hvar reykskynjarar eru, hvort slökkvitæki séu ekki aðgengileg ekkert má vera fyrir þeim og hvort logi ekki á öllum ljósum við neyðarútganga.

Brunaæfing er í apríl.

## **9. Lokaorð**

Við erum búin að fara yfir s. l. vetur og hugsa um komandi vetur, hvað við ætlum að gera. Vonandi verður næsti vetur bara skemmtilegur með öllu því starfi sem þá verður.

Nokkur breyting verður í starfsmannahópnum, ungt fólk heldur áfram að mennta sig. Aðlögunin byrjaði í ágúst og verður fram eftir hausti.

Ekki voru margar umsóknir um starf í leikskólanum og gekk frekar seinnt að fullmanna skólann í haust. Lítið var um umsóknir sem uppfylltu það sem þarf til að starfa í leikskóla.

Mikil starfsreynsla er í leikskólanum, sérstaklega hjá leikskólakennurum og nokkrum leiðbeinendum, er það ómetanlegt fyrir skólann.

Annars leggst vetrarstarfið mjög vel í okkur og við hlökkum bara til.

Hafdís Hafsteinsdóttir leikskólastjóri

Guðríður Benediktsdóttir aðstoðarleikskólastjóri